

## **6. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018**

Þriðjudaginn 19. september 2017 var haldinn fimmti fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

### **1. Erindi frá félagsmönnum varðandi fulltrúa HRFÍ í veiðiprófum**

Stjórn barst erindi frá tveimur félagsmönnum, Jóni Garðari Þórarinssyni og Dagfinni Smára Ómarssyni, sem höfðu áhyggjur af því að fyrirhugaður fulltrúi HRFÍ í veiðiprófi Deildar enska setans yrði dómarráðgjafi sem er frá Noregi og talar ekki íslensku. Í erindunum komu fram áhyggjur af því að ef til álitamála kæmi á prófinu yrðu þátttakendur að geta leitað til fulltrúa HRFÍ sem þarf að tala íslensku og þekkja íslenskar veiðiprófareglur vel.

Stjórn ákvað að leita álits dómarráðs sem komst að svohljóðandi niðurstöðu:

***Fulltrúi Hundaræktarfélags Íslands á veiðiprófum fyrir tegundahóp 7 skal vera dómaramenntaður og íslenskur enda um túlkun á íslenskum veiðiprófsreglum á íslensku að ræða.***

Dómarráð sendi stjórn þau rök að ef upp kæmu álitamál eða kærur væri nauðsynlegt að viðkomandi fulltrúi hefði fulla þekkingu á íslensku veiðiprófsreglunum. Dómarráð telur þannig:

1. Að ekki sé á erlenda dómara leggjandi að vera einnig fulltrúar HRFÍ og lenda mögulega í þeirri aðstöðu að úrskurða í vafamálum.
2. Ekki sé hægt að gera ráð fyrir að allir þátttakendur séu talandi á erlend tungumál og möguleiki á misskilningi eða rangri túlkun á úrskurði eða svari með millilið.
3. Að HRFÍ þurfi að samþykkja fulltrúa sinn og skipa eigi síðar en tveimur vikum fyrir veiðipróf eins og segir í 13. lið dómarráðsreglna. Það er ekki deildanna að velja sér fulltrúa félagsins heldur félagsins sjálfs, þó deildirnar geti komið með tillögur um fulltrúa HRFÍ á veiðiprófum.

4. Í verklags- og siðareglum veiðiprófsdómara HRFÍ innan tegundahóps 7 segir í grein nr. IV, þriðju málsgrein:
- „Ef dómaramenntaður félagsmaður HRFÍ vanvirðir annan dómara á prófsvæði, skal fulltrúi HRFÍ áminna viðkomandi um siðareglur veiðiprófsdómara og gefa dómara ráði skýrslu um atvikið.“
- Þarna er verið að leggja þungar skyldur á erlenda dómara eigi þeir að starfa sem fulltrúar félagsins, verandi jafnvel farnir af landi brott daginn eftir próf.
5. Umsagnareyðublöð í veiðiprófum hér á landi eru að nokkru leyti frábrugðin þeim norsku og ber fulltrúa HRFÍ að fara yfir umsagnir dómara. Misskilningur hefur á stundum orðið við ritun á umsögnum þar sem blöðin eru frábrugðin þeim norsku enda á íslensku. Erfitt getur verið fyrir erlenda dómara/fulltrúa að fara yfir umsagnareyðublöðin og samræma við dóma.
6. Í grein 3.8.1 í veiðiprófsreglum fyrir tegundarhóp 7 segir eftirfarandi:
- „Varðandi framkomu á prófstað og agabrot er fulltrúi HRFÍ æðstráðandi í túlkun prófreglna. Dómari fer þó með æðsta vald varðandi vinnutilhögun og mat á hundum í sínum hópi. Hann skal ráðfæra sig við fulltrúa HRFÍ varðandi áminningar þátttakenda eða brottvísun þeirra frá prófstað.“
- Dómara ráð telur ómögulegt að erlendur dómari geti túlkað íslenskar veiðiprófsreglur nema hann geti lesið og skilji íslensku.

Að fengnu álit dómara ráðs sendi stjórn Hrfí stjórn Deildar enska setans ábendingu um að fulltrúi HRFÍ í prófinu yrði að vera íslenskur og dómaramenntaður. Í framhaldi barst stjórn eftirfarandi tölvupóstur frá formanni Deildar enska setans:

*Kæra stjórn HRFÍ.*

*Er ykkur illt í hjartanu ?*

*Hvernig hafði þið nennu, hvað þá tíma í að áreita DESÍ ?*

*Sé þetta af einskærum áhuga um Enska Setann þá bendi ég ykkur á að það er einn hvolpur á lausu.*

*Deildin hefur verið einstaklega vel rekin á fyrsta heila starfsárinu, er með flott og metnaðarfull framtíðarplön, góð ræktunarmarkmið og hefur hlúið einstaklega vel að nýliðum*

*félagsins.*

*Til að áretta það þá hefur deildin farið í einu og öllu eftir nágildandi veiðiprófsreglum og er ég því sleginn yfir skilaboðunum frá stjórn HRFÍ fyrir helgi.*

*Ég vona að komandi tímar færi ykkur meiri hamingju og vellíðan.*

*Bestu kveðjur,*

*Einar Guð*

Stjórn sendi eftirfarandi svar:

Stjórn afgreiddi erindi tveggja félagsmanna og þátttakenda í umræddu prófi. Þar sem málið snerist um túlkun veiðiprófsreglna aflaði stjórn umsagnar dómarráðs og komst að einróma niðurstöðu í framhaldinu.

## **2. Fjárhagsuppgjör fyrir fyrri helming ársins 2017**

Guðný greindi stjórn frá fjárhagsuppgjöri fyrir helmings ársins 2017. Farið var yfir uppgjörið og staðan er góð.

## **3. Fasteignamál**

Herdís, Guðný og Pétur fóru á fund með fulltrúum Fáks og Reykjavíkurborgar í dag. Fundurinn gekk vel og voru möguleikar varðandi framtíðarhúsnæði félagsins ræddir. Telur stjórn að mikilvægt sé að vinna þarfagreiningu svo ljóst sé hvers konar húsnæði henti félaginu til framtíðar.

## **4. Önnur mál**

Stjórn ræddi vanda sem hefur því miður lengi verið til staðar varðandi mönnun við uppsetningu og frágang sýninga sem og hin ýmsu störf á sýningum félagsins. Hugmynd kom upp að fá tilboð frá aðilum í ýmsa þætti er varða sýningar, t.d. teppalagningu, miðasölu og frágang. Ætla Guðný og Þorsteinn að ræða þetta við sýninganefnd enda yrði þetta samvinnuverkefni hennar og stjórnar.

Sýningadómaranefnd HRFÍ lagði til að stjórn staðfesti dómarréttindi Viktoríu Jensdóttur á íslenskan fjárhund og siberian husky og Daníels Arnar Hinrikssonar á íslenskan fjárhund. Stjórn staðfestir réttindin og óskar þeim til hamingju!

Stjórn ræddi um að óska eftir tillögum laganefndar um reglur um meðferð fjármuna í ræktunardeildum félagsins.

Fundið slitið kl. 19.45. Boðað er til næsta fundar stjórnar fimmtudaginn 5. október nk. kl. 18.00.